

AUGLÝSING**um skipulag í Gaulverjabæjarhreppi, Hraungerðishreppi og Villingaholtshreppi í Árnassýslu.**

Að fengnum tillögum Skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið ákveðið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps, Árnassýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. maí 1977.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 214.

26. maí 1977.

AUGLÝSING**um breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi Reykjavíkur að því er tekur til eftirfarandi:

Spilda, sem áður var ráðgerð sem opið svæði umhverfis Bjarg, breytist í íbúðabyggð, en áður ráðgert íbúðasvæði framan við lóðirnar Laugalækur 50—62 breytist í opið grænt svæði.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 215.

26. maí 1977.

AUGLÝSING**um breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi Reykjavíkur að því er tekur til eftirfarandi:

Lóðunum Hátún nr. 2 og 2 A, sem áður höfðu verið ráðgerðar sem opin græn svæði, hefur nú verið breytt í iðnaðarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.